



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2021

Efni: Umsögn um raforkugerðir í hreinorkulöggjöf ESB

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til erindis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um raforkugerðir í hreinorkulöggjöf ESB sem varða hinn innri raforkumarkað EES samningsins og eru til skoðunar á vettvangi EES-EFTA ríkjanna.

Er um að ræða tilskipanir er taka nánar tiltekið til sameiginlegra reglna um innri markaðinn fyrir raforku og reglugerð sama efnis sem og reglugerðir um Evrópusambandsstofnun um samstarf eftirlitsaðila á orkumarkaði viðbragðaáætlanir í raforkugeiranum.

Eins og fram kemur í tilvísuðu erindi ráðuneytisins þá sendu samtökin umsögn um drög að fyrirbyggjandi gerðum haustið 2017, sbr. umsögn frá 19.október það ár. Hvað þá umsögn varðar ítreka samtökin fyrri athugasemdir sínar sem þar koma fram með þeim fyrirvara þó að í fyrirbyggjandi erindi er ráðuneytið eingöngu að leitast eftir umsögn um þá þætti þeirrar löggjafar er snýr sérstaklega að raforkugeiranum.

Til fyllingar fyrri umsögn SI óska samtökin eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað umræddar raforkugerðir varðar.

Virkir raforkunotendur

Fyrir það fyrsta telja SI jákvætt skref fram á við að í tilskipun 2019/944 er nánar kveðið á um réttindi þeirra aðila, annarra en hefðbundinna raforkuframleiðenda og -sala, að framleiða raforku og/eða selja raforku inn á héraðan markað. Er í því samhengi m.a. um að ræða svokallaða virka neytendur, sbr. m.a. 15. gr. tilskipunarinnar.

Að mati SI fellur slík heimild vel að áherslum samtakanna í þessum málaflökki þar sem samtökin hafa talað fyrir afléttingu á ýmsum aðgangshindrunum annarra aðila en hefðbundinna raforkufyrirtækja inn á markaðinn, s.s. þeirra sem geta framleitt raforku í eigin rekstri eða búa yfir umframorku. Jákvætt skref var tekið í þá átt í breytingum á raforkulögum á liðnu þingi en frekari umbóta er þörf þar á að mati SI og má ráða að fyrirbyggjandi raforkutilskipun styðji enn frekar við þær áherslur samtakanna. Er skorað á ráðuneytið að tryggja framgang slíkrar heimildar og þá sér í lagi í innlendu regluverki, hvort sem það er á grundvelli fyrirbyggjandi tilskipunar eða svigrúms sem núgildandi tilskipanir veita.

Kröfur gagnvart dreifiveitum

Þessu til viðbótar telja SI tilbóta þau nýmæli sem kveðið er á um kafla 4 um dreifiveitur þar sem ráða má af samanburði við eldri tilskipanir sama efnis, að teknu tilliti einnig til samanburðartöflu í IV. viðauka, að ýmis nýmæli eru hvað varðar skyldu dreifiveitna um gagnsæi og samráð um uppbyggingu í dreifikerfi. Að mati SI kallast þær kröfur á við



áherslur samtakanna á sviði raforkumála og snúa að sérleyfisstarfsemi jafnt sem kröfur SI um skilvirkt eftirlit með sérleyfisstarfsemi. Að mati SI hafa slíkar kvaðir á dreifiveitur ekki að fullu leyti fylgt eftir auknum kröfum fyrri raforkutílskipana um flutningskerfi raforku og telja samtökin því að hér sé um að ræða jákvætt skref fram á við til að tryggja jafnt opinbert aðhald, sem og aðhald almenningu og fyrirtækja, með sérleyfisstarfsemi. Ítreka SI þó að slíkt aðhald kallar eftir sem á áður á skilvirkt eftirlit Orkustofnunar hér á landi og því þarf að tryggja samhlíða að svo sé.

Eignarhald á orkugeymslustöðvum

Í fyrirliggjandi tilskipun er, bæði í aðfararorðum og ákvæðum hennar, að finna nýmæli um eignarhald á svokölluðum orkugeymslumannvirkjum. Má ráða að þær breytingar hafi að leiðarljósi að takmarka svigrúm sérleyfisfyrirtækja á að eiga og reka slíkar stöðvar. Sá fyrirvari er þó settur þar á að ráða má að slík takmörkun taki ekki til þeirra stöðva þar sem þær eru nú þegar órjúfanlegur hlekkur í rekstri sérleyfisfyrirtækja. Ætla má að slík takmörkun taki þar til varaafsstöðva eða sambærilegra rekstrareininga í starfsemi sérleyfisfyrirtækja hér á landi.

SI taka undir mikilvægi þessara ákvæða um takmarkanir á eignarhaldi enda ljóst að með opnun á aðkomu aðila inn á raforkumarkað, sbr. tillögur þess efnis í fyrirliggjandi tilskipun sem og fyrri tilskipun um virka notendur, sem og þróunar og nýsköpunar á sviði raforkumála þar sem ljóst er að landslag er að taka breytingum, m.a. með aukinni áherslu á nýjum orkuberum í raforkukerfinu og má þar horfa til vetnis og rafeldsneytis, þá er mikilvægt að eignarhald á slíkum stöðvum sé skýrt og eignarhaldslegur aðskilnaður virkur á þeim vettvangi.

Í ljósi þessa er því bæði eðlilegt og rökrétt framhald af ströngum kröfum um aðskilnað á milli sérleyfis- og samkeppnisrekstrar í raforkugeira að yfirfæra þær kröfur til allra þátta í samkeppnisrekstri, s.s. reksturs orkugeymslustöðva. SI tekur undir slíkar áherslur.

Aðrar gerðir hreinorkulöggjafar

Ráða má af yfirferð annarra gerða sem hér eru til umfjöllunar að þær kunna eftir atvikum að taka til þess samtengda raforkukerfis sem er við lýði á meginlandi Evrópu og á ekki að öllu leyti við héraðs aðstæður. Má hér nefna sem dæmi viðskipti með raforku þvert á landamæri ríkja og rekstur sameiginlegra flutningskerfa á raforku, og setningu reglna um aðgang og afléttingu aðgangshindrana og eftirlit með slíkri starfsemi. Þá má einnig draga fram þá ólíku aðstöðu sem endurspeglast í rekstri skammtímamarkaða með raforku eða kauphallar slíkra viðskipta sem enn hafa ekki komist á laggirnar hér á landi.

Í ljósi þessa telja SI mikilvægt að ráðuneytið taki tillit til mismunandi aðstæðna hér á landi annars vegar og erlendis hins vegar þegar ákvörðun er tekin um framgang þessara gerða á vettvangi stofnana EES samningsins.

Þá er um leið skorað að ráðuneytið að leita undanþágna frá þeim ákvæðum sem ekki eru tæk hér á landi í ljósi innlendra aðstæðna og þeirrar staðreyndar að við erum ótengd raforkukerfum annarra ríkja.

Að framangreindu slepptu eru kröfur þær sem taka til áður nefnds skammtímamarkaðar með raforku þörf áminning að taka til skoðunar að koma á slíkum markaði hér á landi með það að leiðarljósi að stuðla að aukinni samkeppni á raforkumarkaði, greiða leið nýrra



aðila inn á þann markað sem og auka á gagnsæi við verðlagningu og aðstæðna á markaði. Telja SI því að umræddar gerðir, bæði fyrirbyggjandi sem og þær sem þegar eru í gildi, séu hvatning til stjórnvalda til að stuðla að stofnun slíks markaðs hér á landi.

Þá telja SI mikilvægt að ráðuneytið, sem og stjórnvöld almennt, taki til skoðunar og dragi lærdóm af þeim ákvæðum reglugerðar um viðbragðsáætlanir og samstarf erlendra eftirlitsaðila að svo miklu leyti sem slík ákvæði taka til einangraðs raforkukerfis eins og það íslenska er. Óþarfi er að ítreka mikilvægi raforku og orkuöryggis í bæði daglegu lífi sem og atvinnurekstri hér á landi og kallar slíkt á bæði skilvirkt eftirlit með raforkukerfinu og að til staðar séu skýrar viðbragðsáætlanir til að takast á við áskoranir og vá sem það kerfi kann að stand frammi fyrir.

Loks lýsa SI yfir vilja til samstarfs með stjórnvöldum við að rýna enn frekar fyrirhugaðar innleiðingar gerðanna líkt og óskað er eftir í erindi ráðuneytisins. SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála